

Úttekt á sjálfsmatsaðferðum í Mýrarhúsaskóla vorið 2002

Úttekt á sjálfsmatsaðferðum í Mýrarhúsaskóla var í höndum KPMG Ráðgjöf og unnin á tímabilinu febrúar-apríl 2002.

Eftirfarandi eru meginniðurstöður úttektarinnar:

Staða sjálfsmats

Skrifleg og opinber verkáætlun um sjálfsmat liggur fyrir.	Nei
Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram.	Já
Staða sjálfsmats í skólanum.	Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram á öllum helstu þáttum skólastarfsins
Sjálfsmatsskýrsla hefur verið gefin út.	Er í vinnslu

Sjálfsmatsaðferðir

Eftirfarandi eru niðurstöður varðandi það hvort sjálfsmatskerfi Mýrarhúsaskóla uppfylli þau viðmið sem menntamálaráðuneytið hefur sett um sjálfsmatsaðferðir.

Sjálfsmatskerfið telst:

Formlegt	Nei
Altækt	Já
Áreiðanlegt	Já
Samstarfsmiðað	Já
Umbótamiðað	Já
Árangursmiðað	Nei
Stofnanamiðað	Já
Einstaklingsmiðað	Já
Lýsandi	Já
Greinandi	Já
Opinbert	Nei

Heildarniðurstaða

Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins teljast sjálfsmatsaðferðir skólans:	fullnægjandi að hluta
Framkvæmd sjálfsmatsins telst:	fullnægjandi að hluta

Greinargerð úttektaraðila

Mýrarhúsaskóli hefur lokið sjálfsmati á öllum helstu þáttum skólastarfs. Sjálfsmatsskýrsla skólans er langt á veg komin en hefur ekki verið gefin út.

Til þess að sjálfsmat skólans geti talist fullnægjandi skv. skilgreiningu Menntamálaráðuneytisins þarf einkum að laga eftirfarandi þætti.

Verkátun er til staðar. Hins vegar þarf hún að vera aðgengileg fyrir starfsfólk og aðra sem koma að skólastarfinu, t.d. í skólanámskrá eða á heimasíðu skólans. Það þarf að koma fram með skýrum hætti hvernig staðið er að sjálfsmatinu, hver ber ábyrgð á ólíkum þáttum þess og stjórnun, hvernig verður farið með upplýsingar og hverjir eru samstarfsaðilar utan skólans ef um þá er að ræða.

Til þess að uppfylla skilyrði Menntamálaráðuneytisins um árangursmiðað sjálfsmat þarf skólinn að skilgreina mælikvarða og setja viðmið, t.d. á þær umbætur sem skólinn hyggst ráðast í.

Mýrarhúsaskóli hefur unnið ötullega að undirbúningi og framkvæmd sjálfsmats við skólann. Að þeirri vinnu hafa komið allir helstu hagsmunaaðilar skólans auk þess sem sérfræðingar voru fengnir til aðstoðar.

Áhugi og vilji stjórnenda til að fylgja eftir vinnu við sjálfsmat skólans er mikill en það er forsenda þess að slíkt starf geti farið fram innan skóla.